



Alþingi
Erindi nr. P 132/1469
komudagur 27.3.2006

Menntamálanefnd Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. mars 2006
Tilvísun: HI06020044/004

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 136/1997. Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005-2006, þingskjal 59, 59. mál.

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dags. 1. mars sl., þar sem óskað var umsagnar Háskóla Íslands um framangreint frumvarp.


Efni frumvarpsins lýtur að einu afmörkuðu atriði, sem er tekjuöflun annarra háskóla en þeirra sem ríkið starfrækir. Í frumvarpinu er ekki fjallað um starfsskilyrði háskóla almennt og hvaða sjónarmið skuli ráða ákvörðun um fjárveitingar til háskóla sem búa við mismunandi starfsskilyrði. Opinber framlög til háskóla byggjast á sömu forsendum þótt starfsskilyrði þeirra séu ólík. Eins og fram kom í umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um háskóla sem nú liggur fyrir þinginu (þingskjal 654, 433. mál), telur Háskólinn nauðsynlegt að leiðrétta þetta þannig að allir skólar búi við sömu skilyrði og skýrt sé hvaða viðmið ráði fjárstýringu til starfsemi þeirra. Það gengur ekki öllu lengur að það fé sem háskólar hafa til ráðstöfunar til að standa undir kennslukostnaði sé mjög mismunandi eftir rekstrarformi þeirra.

Háskóli Íslands telur að ekki sé unnt að taka afstöðu til efnis frumvarpsins nema það sé gert í samhengi við stefnumörkun af hálfu löggjafans um fjármögnun og starfsskilyrði háskóla almennt. Afar mikilvægt er að Alþingi taki það málefni til umræðu og ákvörðunar sem byggi á mismunandi hlutverkum háskóla, eðli þeirra og starfsemi.

Í þessu sambandi verður að líta til þess að við Háskóla Íslands hefur í hartnær heila öld verið unnið að uppbyggingu háskólastarfsemi. Rannsóknatengt framhaldsnám, meistara- og doktorsnám, er nú helsti vaxtarbroddurinn í starfinu og eitt mikilvægasta stefnumál Háskólans. Þar er byggt ofan á grunn fjölbreytts náms til fyrsta háskólaprófs í ellefu háskóladeildum sem samtals bjóða upp á nám á yfir fimmtíu mismunandi námsleiðum. Viðgangur framhaldsnámsins er mikilvæg viðleitni til að styrkja starf Háskólans og stöðu sem alþjóðlega viðurkennds rannsóknaháskóla sem starfar í þágu þjóðfélagsins. Mikilvægt er að standa vörð um og rækta enn frekar rannsóknahlutverk Háskólans, ekki síst á þeim sviðum þar sem rannsóknir skila ekki við fyrstu sýn augljósum hagnaði þó í þeim felist mikil menningarverðmæti og þekking – og að Háskólinn skili með rannsóknum sínum bæði hugmyndafræðilegri umræðu og möguleikum til framþróunar og nýsköpunar til baka inn í

samfélagið, auk þess að verða samkeppnisfærari við erlenda háskóla. Margvíslegar grunnrannsóknir hafa skilað sér í hagnýtingu og nýsköpun í þágu þjóðfélagsins. Kennslu- og rannsóknarstarf Háskólans og stofnana hans er og hefur verið ein meginforsenda og stoð sjálfstæðs íslensks samfélags. Miklu skiptir því að efla og styrkja rannsóknahlutverk hans til að gera honum kleift að gegna hlutverki sínu sem æðsta menntastofnun þjóðarinnar. Öflugur rannsóknaháskóli er eitt frumskilyrði þess að efla samkeppnishæfni Íslands í vísindum, atvinnuþróun og menningu í þekkingarsamfélagi heimsins.

Virðingarfyllst



Kristín Ingólfssdóttir
háskólarektor